

Fundur 7. apríl 2008

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps

mánudaginn 7. apríl 2008 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.  
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Sveinn setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

Til afgeiðslu:

1. Umsókn dags. 1.apríl 2008 frá Snæbirni Jónssyni um stöðuleyfi fyrir 40 m2 húsi í Krossnesi, Þorskafirði. Samþykkt að veita stöðuleyfi í eitt ár með fyrirvara um samþykki minjavarðar Vestfjarða.
2. Umsókn dags. 28.mars 2008 frá Baldri Ragnarssyni um leyfi til að endurbyggja svonefndan Frystihúsbrunn í Flatey. Afgreiðslu frestað. Beiðni um nánari lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd. Umækjanda bent á að leita umsagnar minjavarðar Vestfjarða.
3. Umsókn dags. 17. mars 2008 frá Og fjarskiptum ehf um stöðuleyfi fyrir lítið tækjahús fyrir GSM sendi við Bjarkalund. Samþykkt að veita stöðuleyfið.
4. Beiðni frá Steinunni Pétursdóttur um að notkun húss á Skálmarnesmúla verði breytt úr sumarhúsi í geymsluskúr. Samþykkt að heimila breytinguna.

Önnur mál.

1. Bréf dags. 3. apr. 2008 frá Þórarni Sveinssyni með beiðni um landskipti á jörðinni Hólum í Reykhólahreppi. Nefndin samþykkir landskiptin fyrir sitt leyti.
2. Bréf dags. 25. mars 2008 frá Sveini Rúnari með beiðni um leyfi til að byggja um 15 m2 hús við Tanga, Kirkjubóli, Bæjarnesi, Reykhólahreppi. Afgreiðslu frestað þar sem óska þarf álits Skipulagsstofnunar.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 17:15.

Sveinn Ragnarsson (sign) Egill Sigurgeirsson (sign) Karl Kristjánsson (sign)  
Óskar Steingrímsson (sign)